



# panthera

Leiðbeiningar um notkun

Micro hjólastól

**Panthera Micro** hjólastóllinn er hannaður fyrir yngstu viðskiptavinina. Panthera Micro er ættaður þeim sem ekki ráða við aðrar tegundir handstýrðra stóla. Allt hefur verið gert til að gera hjólastóllinn eins léttan og auðveldan í meðförum og mögulegt er. **Hann er hannaður til notkunar innanhúss** en hentar ekki til notkunar utandyra. Notendur Panthera Micro eru að jafnaði á aldrinum eins til fimm ára. Notandinn gæti svo átt rafknúinn hjólastól til að nota utanhúss. **Á tveimur öftustu blaðsíðum leiðbeininganna er að finna mikilvægar upplýsingar um öryggi notandans. Kynntu þér vinsamlegast þau atriði gaumgæfilega.**

## **Að taka úr umbúðum og skoða:**

**Kannaðu hvort þetta sé stóllinn sem pantaður var. Kannaðu eftirfarandi:**

- breidd stólsins. Mældu ytra mál sætisins, það á að vera 24 eða 27 sm, allt eftir því hvað pantað var.

**Kannaðu tæknileg atriði stólsins:**

- að öxlar afturhjóla renni auðveldlega inn í og út úr öxulfestingunni,
  - að hnappurinn í öxlunum miðjum (1. mynd) hrökkvi aftur út eftir að búið er að setja afturhjólið á,
  - að framhjólsgaffallinn snúist óhindrað.
- Ef eitthvað er athugavert við eitthvert þessara atriða þarf að hafa samband við seljanda áður en stóllinn er tekinn í notkun.

## **Að setja saman og taka sundur:**

Begar stóllinn er t.d. fluttur í bíl er gott að taka afturhjólin af.

**Afturhjólin** eru tekin af stólinum með því að yta inn hnappinum í miðjum öxli hjólsins. Þá er hægt að kippa hjólinu að sér. Begar hjólið er sett á að nýju er hnappinum fyrst ýtt inn og síðan er öxulinn settur inn í öxulfestinguna. Hjólinu er þrýst eins langt inn og hægt er og svo er kippið í það til að kanna hvort það sitji fast.

## **Stillingar:**

Begar stóllinn er stilltur fyrir notanda er mikilvægt að stilla í þeirri röð sem hér segir. Byrjaðu á því að stilla setstöðu svo þægilegt sé að sitja. Að því loknu þarf stilla jafnvægi stólsins til að fá sem besta akstursegimleika.

- Lengd á setu
- strekking á setu

- c) strekking á bakdúk
- d) hæð á fótafjölum
- e) jafnvægi hjólastólsins

#### A) Strekking á setu

Hægt er að strekkja og slaka á affasta hluta setunnar með því að losa um franska rennilásinn undir sætinu. Sjá 3. mynd. Þetta þýðir að hægt er að færa hæð setunnar u.þ.b. 2 sm upp eða niður.

#### B) Hæð á fótafjölum

Hægt að stilla hæð fótafjalanna með því að færa þær á milli gatanna sem þær eru festar í. Losaðu skrífurnar sem festa fótafjölin. Þá er hægt að hreyfa hana upp og niður og festa í þeirri hæð sem best hentar. Best er að hafa fótafjalirnar þannig stiltar að lærin hafi stuðning af setunni og að fætur hafi samtímis stuðning af fótafjölunum.

#### C) Lengdarstilling á fótafjölum

Það er einnig hægt að færa fótafjölin aftur eða fram. Losaðu skrífurnar tvær sem festa fótafjölin. Færðu plötuna og festu skrífurnar að nýju.

#### D) Strekking á bakdúk

Hægt er að teygja á eða losa um bakdúk (4. mynd) með því að strekkja eða losa um franska rennilása sem festir eru aftan á bakdúkinn. Á honum er einnig flipi sem festur er undir setuna með frönskum rennilásum. Hægt er að færa hann fram eða aftur til að finna rétta strekkingu fyrir neðri hluta bakdúksins. Þannig er þægilegasta staðan og stuðningurinn fundinn við bak þess sem stólinn notar. Fyrst er losað um frönsku rennilásana og svo er hallað sér aftur í stólinum. Þeir eru svo strekkir á ný þar til réttur stuðningur er fenginn. Ef notanda finnst sem hann sitji of framarlega í stólinum gæti ástæðan verið sú að neðri flipi bakdúksins sé of strekkur undir sætinu. Losaðu þá um hann og færðu aftur

1. mynd. Sleppihnappur.
2. mynd. Skrífur á fótafjöl.
3. mynd Franskir rennilásar undir sætinu.
4. mynd. Franskir rennilásar fyrir aftan bak

#### E) Að stilla jafnvægi hjólastólsins

Jafnvægi hjólastólsins er stilt með því að færa afturhjólin fram eða aftur. Því frammar sem afturhjólin eru höfð, þeim mun aftar verður þyngdarpunktur stólsins. Þá verður auðveldara að stýra stólinum og lyfta honum yfir hindranir. Þó má ekki hafa þyngdarpunktinn of aftarlega því þá er hætt á að velta afturábak. Mikilvægt er að gefa sér tíma til að finna þann jafnvægispunkt sem hentar líkama og aksturslagi hvers og eins þannig að stólinn sé auðveldur í akstri en án þess að maður falli aftur fyrir sig. Gættu þess einhver standi fyrir aftan þann sem er að prófa stólinn eftir að hafa stilt jafnvægið. Þannig eru afturhjólin færð. Fyrst eru afturhjólin tekin af.

Svo er losað um skrifurnar þar undir sem baköxullinn er festur við báðar hliðar stólsins. Þá er hægt að færa hjólafestinguna (5. mynd) fram eða aftur eftir lárétta grindarrörinu. Mikilvægt er að festa hjólafestinguna á sama stað báðum megin.

Auðveldast er að mæla fjarlægðina frá lóðréttu rörinu á stótrammanum að afturenda hjólafestingarinnar með málbandi eða reglustriku.

Sú vinna sem lögð er í að stilla stólinn á eftir að skila sér í langan tíma. Reyna má aðrar stillingar í fáeina daga til að ganga úr skugga um að stóllinn sé í raun stilltur á bestu setstöðu og með besta fíranlega jafnvægi.

## GANGI ÞÉR VEL

**Góður en illa stilltur stóll er ekki góður stóll.**

## Mikilvægar upplýsingar

Panthera Micro hjólastóllinn er hannaður þannig að jafnvel minnstu og mest veikburða börn geta ekið honum. Stóllinn er auðveldur í akstri og hannaður með það fyrir augum að bregðast lipurlega við „skipunum“ notandans, annars væri ekki auðvelt að aka honum. Ef ranglega er brugðist við getur stóllinn t.d. fallið aftur fyrir sig, sé ekki notast við veltivörn.

Það er útlíkað að vara við öllu því sem getur komið fyrir. Mikilvægast er að prófa stólinn vel og gefa sér tíma til að þjálfra tæknina við að nota hann. Ef þú vilt spyrja einhvers um tæknina við að nota hjólastól skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stólinn eða þann sem þú ert í meðferð hjá. Ef þessir aðilar geta ekki aðstoðað þig er þér velkomið að hafa samband við okkur hjá Panthera. Við þúum yfir rúmlega aldarlangri persónulegri reynslu af daglegri notkun hjólastóla!

## Panthera Micro hjólastóllinn er ætlaður til notkunar innanhúss

- Micro hjólastóllinn er aðeins með einu litlu framhjóli (til að auðvelda beygjur) og því er hægt að veita fram fyrir sig ef stóllinn er á einhverjum hraða og rekt á hindrun. Það getur líka gerst innanhúss en líkur á því eru þó mun minni þar.
- Flest ung börn þurfa á belti að halda til að koma í vegg fyrir að þau missi jafnvægið og detti fram úr stólnum. Stólnum fylgir mjög einfalt belti. Ef það dugar ekki á ekki að nota stólinn fyrir en öflugra belti er fengið.

## Staða sætis

- Röng staða sætis getur valdið álagsmiðslum. Ef eitthvað er óljóst skalt hafa samband við þann sem seldi þér stólinn.
- Ætlast er til þess að púði sé í sætinu.

**Önnur börn geta meitt sig á hjólnum**

Það er þyrngra að aka stólnum þegar hann er búinn teinahlífum. Þess vegna eru þeir ekki staðalbúnaður. Þegar barnið er að leika við önnur ung börn er hættta á að þau meiðist ef þau festa fingur eða hendur á milli teinanna.

### Tæknileg skoðun

- Þegar stóllinn hefur verið stilltur fyrir ákveðinn notanda þarf að kanna hvort allar skrúfur og rær séu hentar nægilega.
- Gakktu alltaf úr skugga um að afturhjóli séu tryggilega fest eftir að þau hafa verið losuð.

Pantera hjólastóllinn þinn þarf nánast ekkert viðhald. Þó er vert að huga reglubundið að nokkrum þáttum.

### Einu sinni í mánuði ættir þú að huga að eftirfarandi:

- **Smyrja öxla afturhjóla**anna. Taktu afturhjólið af og smyrðu nokkrum olíudropum á öxulinn. Ef þú tekur afturhjólin sjaldan af ættir þú að smyrja öxlana oftar.
- **Pumpa í dekk**in, þau þola allt að 8 kílóa þrýsting.
- **Hreinsa festingar framhjóls** við gaffalinn (milli hjóls og gaffals). Algengt er að hár og ryk safnist á þetta svæði og það getur skemmt legurnar. Losaðu róna með lykli nr. 10 og haltu skúfunni með lykli nr. 10. Dragðu skrúfuna út og takið hjólið af. Hreinsaðu svæðið á milli hjóls og gaffals og þurrkaðu af legunni með tusku. Settu saman að nýju og hertu róna.

### Hreinsun:


- **Áklæði stólsins má þvo** í volgu 30° heitu vatni eða hreinsa með teppahreinsifrauði. Stóllinn skal að öðru leyti þvo með fituleysanlegri sápu og/eða bílasjampói. Mikilvægt er að smyrja ofangreinda stólhuta að afloknunum þvotti.

Seljandi:  
Eirberg ehf  
Stórhöfa 25

110 Reykjavík  
Sími 569 3100  
Fax 569 3101

Netfang : [eirberg@eirberg.is](mailto:eirberg@eirberg.is)  
Veffang : [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

Framleiðandi: Panthera, Svíþjóð  
[www.panthera.se](http://www.panthera.se)



Panthera Micro




FIG 1.




FIG 2.




FIG 3.



FIG 4.




FIG 5.

# panthera

## Milkiivægar ábendingar

Hjólástóll eins og Panthera er hannaður þannig að eins auðvelt sé að komast um á honum og mögulegt er. Stóllinn er auðveldur í meðferð og bregst lipurlega við „skipunum“ notandans, annars væri ekki auðvelt að aka honum. Ef ranglega er brugðist við getur stóllinn t.d. fallið aftur fyrir sig, sé ekki notast við veltivörn. Það er útlíkað að vara við öllu því sem getur komið fyrir. Milkiivægst er að prófa stóllinn vel og gefa sér tíma til að þjálfra tæknina við að nota hann. Ef þú vilt spyrja einhvers um tæknina við að nota hjólástól skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stóllinn eða þann sem þú ert í meðferð hjá. Ef þessir aðilar geta ekki aðstoðað þig er þér velkomið að hafa samband við okkur hjá Panthera. Við búum yfir rúmlega aldarlangri persónulegri reynslu af daglegri notkun hjólástóla. Við viljum leggja áherslu á nokkur öryggisatriði.

### Jafnvægi, hættu á veltu

Staða afturhjóla, halli baks og stilling á bakdúk eru þeir þættir sem mest áhrif hafa á hvort stólnum sé hætt við veltu eða ekki. Þegar búið er að stilla stóllinn ber að tryggja að notandinn sé búinn að átta sig á jafnvægi stólsins. Ef þú ert örugg(ur) skaltu nota veltivörn eða færa hjólin aftar.

### Aðrir milkiivægir þættir sem auka hættu á veltu

Taska sem hangir á baki, þegar maður hallar sér eða teygir sig aftur á bak, slitin dekk, lítið loft í dekkjum, ófyrirséðar breytingar á undirlagi.

### Hemlar

- Ef þú notar háhemla skaltu gæta þess að festa ekki fingurna í þeim þegar þú ekur stólnum.
- ef þú notar háhemla og ert að færa þig til hliðar í eða úr Panthera hjólástólnum þínum, þarftu að geta lyft þér yfir hemlana svo þú festist ekki í þeim.
- Ef þú notar lághemla okkar og getur staðið, gættu þín þá að losa ekki um hemlana með hælunum.
- Mundu að hemlarnir virka ekki eins vel og þeir geta gert ef lítið loft er í dekkjunum eða þau eru slitin.
- Ef þú skipitir um dekkjagerð skaltu alltaf athuga hemlana því stærðir geta verið breytilegar.
- Hemlarnir eru stöðuhemlar en ekki ætlaðir til þess að hemla á ferð.

## Staða sætis

- Röng staða sætis getur valdið álagsmeiðslum. Ef eitthvað er óljóst skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stólinn.
- Gættu þess að hlíðarhlífar þrýstist ekki of fast að lærum. Ef það gerist er stóllinn annað hvort of þröngur eða stilla þarf hlíðarhlífarnar. Þetta getur valdið álagsmeiðslum.
- Ætlast er til þess að púði sé í sætinu

## Meðferð

- Ef litid bil er á milli læsta hluta fótafalrar og yfirborðs (minna en 40 mm), getur fótarfólin setið rekist í ósléttur á yfirborðinu og þú kastast fram úr stólnum.
- Ef þér er ekið eða þú ekur sjálf(ur) yfir gangstéttarbrún og veltivörmin er á, getur hún rekist í brúnina og þú kastast fram úr stólnum. Ef þú ert ekki viss skaltu alltaf taka veltivörnina af og leita aðstoðar.

## Flutningur / að lyfta

- Stóllinn er mjög léttur og getur því færst til hlíðar þegar verið er að setjast í hann frá hlið. Ef þú ert órugg(ur) skaltu fá þjálfun hjá viðurkenndum leiðbeinanda.
- Sé hjólastólnum lyft og notandinn situr í honum ætti alltaf að lyfta honum með því að halda í grindina, ekki bakið, handföngin, hjólin eða annan hluta stólsins.

## Tækniskoðun

- Þegar stóllinn hefur verið stilltur fyrir þig skaltu kanna hvort allar skrúfur og rær séu hertar nægilega.
- Gakktu alltaf úr skugga um að afturhjóli séu tryggilega fest eftir að búið er að skipta um þau.

Seljandi:

Eirberg ehf

Stórhöfða 25

110 Reykjavík

Sími 569 3100

Fax 569 3101

Netfang : [eirberg@eirberg.is](mailto:eirberg@eirberg.is)

Veffang : [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

Framleiðandi:

Panthera, Svíþjóð